

Nd.

83. Frumvarp

til laga um kosningar i málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

Samhljóða þskj. 67, með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en sextugum og heilum og hraustum, að taka við kjöri i hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hefir 6 ár samfleytt eða lengur i nefnd, er þó óskylt að taka við kjöri til hennar fyr en 6 ár eru liðin síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr. hljóðar svo:

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra (bæjarstjóra) og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar i hreppum og bæjarstjórnar i kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi mist kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða vikja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem i 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

9. gr. hljóðar svo:

Hverju sinni er kjósa skal hreppsnefndarmenn, bæjarfulltrúa eða borgarstjóra (bæjarstjóra), skal kjósa kjörstjórn. Hreppsnefndaroddviti i hreppum og borgarstjóri (bæjarstjóri) i kaupstöðum er formaður kjörstjórnar. Og auk þess kys hreppsnefnd og bæjarstjórn 2 menn úr sínum flokki i hana. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Er kjósa skal borgarstjóra (bæjarstjóra), kys bæjarstjórn formann kjörstjórnar úr flokki bæjarfulltrúa.

I hreppum skal geta kosningar i hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. I kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund, með hæfilegum fyrirvara, i blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.